

LÖG

um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 76. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Nú hljótast af broti alvarleg spjöll á náttúru landsins og skal brotamaður þá sæta sektum, að lágmarki 350.000 kr., eða fangelsi allt að fjórum árum. Lágmarksfjárhæð sekta skal taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

2. gr.

Á eftir 76. gr. laganna kemur ný grein, 76. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Upptaka ökutækis.

Þegar alvarleg spjöll verða á náttúru landsins við akstur eða hann telst sérlega vítaverður að öðru leyti má gera upptækt með dómi vélknúid ökutæki sem notað hefur verið við framningu brots gegn ákvæðum laga þessara, nema ökutækið sé eign manns sem ekkert er við brotið riðinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2012.

Gjört á Bessastöðum, 12. mars 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Svandís Svavarsdóttir.